

YERVOY®

(ipilimumab)

Sjúklingakort

Þetta sjúklingakort var samþykkt af Lyfjastofnun í júlí 2025

7. útgáfa:
731-IS-2500001

 Bristol Myers Squibb®

Mikilvægar
öryggisupplýsingar



Í samráði við
Lyfjastofnun

Mikilvægar upplýsingar fyrir sjúklinga

Hafðu sjúklingakortið alltaf meðferðis til að upplýsa heilbrigðisstarfsmenn um að þú sért á meðferð með YERVOY (ipilumabi) einu sér.



ef þú færð einhver eftirtalinna einkenna skaltu strax láta lækinn vita. Athugaðu að listinn er ekki tæmandi.

HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR



MELTINGAR-
FÆRI

Niðurgangur (vatnskenndar, lausar eða linar hægðir), blóðugar eða dökkar hægðir, hægðalosun er oftast en venjulega, verkur eða eymsli í maga eða á kviðsvæði, ógleði eða uppköst



AUGU

Roði í augum, verkur í augum, sjónvandamál eða þokusjón



KIRTLAR
SEM
FRAMLEIÐA
HORMÓN

Hraður hjartsláttur, aukin svitamyndun, aukin eða minnkuð þyngd, kuldahrollur, hárlos, hægðatregða, rödd verður dýpri, hiti, þreyta, höfuðverkur, sundl eða yfirlið, óvenju mikið hungur og/eða þorsti, aukin tíðni þvagláta eða breytingar á hegðun (t.d. minni kynhvöt, pírtingur eða gleymaska)



LIFUR

Gul augnhvíta eða húð (gula), verkur hægra megin í kvið, dökkt þvag, blæðing



LUNGU

Mæði, hósti eða brjóstverkur



TAUGAR

Vöðvamáttleysi, dofi eða náladofi í fótleggjum, handleggjum eða andliti, sundl, meðvitundarleysi eða erfiðleikar við að vakna



HÚÐ

Húðútbrot með eða án kláða, þurr húð, blöðrur og/eða húðflögnun, sár í munni, þroti í andliti eða bólgnir eitlar

Aðrar mikilvægar aukaverkanir

Veruleg innrennslistengd viðbrögð:

- Viðbrögð við innrennsli ipilimumabs geta komið fram, yfirleitt á fyrstu 24 klst. eftir innrennsli.
- Láttu lækinn eða hjúkrunarfræðing strax vita ef þú færð þessi einkenni meðan á innrennsli með ipilimumabi stendur: hrollur eða skjálfti, kláði eða útbrot, húðroði, öndunarerfiðleikar, sundl, hiti og yfirliðstilfinning.

731-IS-2500001

731-IS-2500001

731-IS-2500001

731-IS-2500001

731-IS-2500001

MIKILVÆGT

- Láttu lækinn vita um öll fyrri veikindi.
- Því fyrr sem meðferð við aukaverkunum hefst því minni líkur eru á að hætta þurfi meðferð með ipilimumabi tímabundið eða fyrir fullt og allt.
- Einkenni sem geta virst væg geta skyndilega versnað ef ekkert er að gert.

- Þú SKALT EKKI reyna að meðhöndla þessi einkenni upp á eigin spýtur.
- Aukaverkanir geta verið síðbúnar og geta komið fram vikum eða mánuðum eftir síðasta skammt af ipilimumabi.

Frekari upplýsingar er að finna í fylgiseðli fyrir ipilimumab: www.serlyfjaskra.is.

MIKILVÆGAR upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn

- Sjúklingurinn er á einlyfjameðferð með ipilimumabi.
- Ónæmistengdar aukaverkanir geta komið fram hvenær sem er á meðferðartímanum eða nokkrum mánuðum eftir síðasta skammt.
- Snemmgreining og tafarlaus viðeigandi meðferð þessara ónæmistengdu aukaverkana er nauðsynleg til að lágmarka lífshættulega fylgikvilla.
- Hjálplegt getur verið að leita ráða hjá krabbameinslækni eða öðrum sérfræðilækni við meðferð ónæmistengdra aukaverkana sem tengjast ákveðnum líffærum.
- Frekari upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn er að finna í samantekt á eiginleikum YERVOY: www.serlyfjaskra.is.

Læknirinn sem sér um ipilimumab meðferðina á að fylla út samskiptaupplýsingarnar í sjúklingakortinu.

Upplýsingar um lækinn (sem ávísaði ipilimumab)

Nafn læknis: _____
Sími á vinnutíma: _____
Sími utan vinnutíma: _____

Mínar upplýsingar

Nafn og sími: _____
Nafn og símanúmer umönnunaraðila (í neyðartilvikum): _____